27. júní

LÖG

um

að Landhelgissjóður Íslands skuli taka til starfa.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Landhelgissjóður Íslands, sem stofnaður er með lögum nr. 55 frá 1913, sbr. lög nr. 68 frá 1915 og lög nr. 34 frá 1924, skal taka til starfa. Má verja af fje hans í þessu skyni alt að 700 þúsundum króna.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi þegar í stað.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Marselisborg, 27. júní 1925.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Jón Magnússon.